LV-2009/121

Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði
með notkun gervitunglamynda og gróðurreita



Landsvirkjun

Nóvembert 2009

Landsvirkjun

Upplýsingablað

Skýrsla LV nr: LV-2009/121 Dags: Nóvember 2009

Fjöldi síðna:	92	Upplag: 20	Dreifing: ☒ Opin ☐ Takmörkuð til

Titill: Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði með notkun gervitunglamynda og gróðurreita

Höfundar / fyrirtæki: Gerður Guðmundsdóttir
Náttúrustofa Austurlands

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Í skýrslunni er fjallað um gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði.
Rannsóknasvæðið á Fljótsdalsheiði er hluti af vöktunarverkefni þar sem markmiðið er að vakta mögulegar breytingar á gróðri sem kunna að verða á hálendinu við Hálslón og nálægum svæðum í kjölfar virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka.
Í verkefninu eru notaðar tvær aðferðir. Annars vegar er það notkun gervitunglamynda þar sem reiknaður er út gróðurstuðull en hann gefur upplýsingar um þekju og grósku gróðurs á svæðinu. Hins vegar eru það gróðurreitir á jörðu niðri sem gefa upplýsingar um tegundasamsetningu og þekju gróðurs auk þess að staðfesta gróðurstuðul.
Gróðurstuðull var reiknaður út frá gervitunglamynd sem tekin var af Kárahnjúkasvæðinu 9. september 2002. Gildin voru flokkuð í 6 flokka og sett fram á kort. Þrátíu gróðurreitir voru settir út á Fljótsdalsheiði í ágúst 2008 og var hlutfallsleg þekja tegunda metin og hæð gróðurs og jarðvegsdýpt mæld.
Fljótsdalsheiði er vel gróin og eru flóar og mýrar áberandi.
Mólendisgróður er einnig víða og melagróður á hæðum. Niðurstöður sýna að gróðurþekja metin í gróðurreitum féll vel að gróðurstuðulsgildum úr gervitunglamynd.

Lykilorð: Fljótsdalsheiði, gróður, gervitunglamynd, gróðurstuðull, SPOT-5, vöktun

ISBN nr:

ISSN nr:

LV-2009/121

Landsvirkjun

Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði
með notkun gervitunglamynda og gróðurreita

Náttúrustofa Austurlands

Nóvember 2009

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Aðferðir 5
Rannsóknasvæðið 5
Gróðurstuðull 6
Uppsetning gróðurreita 7
Niðurstöður 10
Gróðurstuðull 10
Rannsóknareitir 10
Lýsing reita 12
Umræða 16
Heimildir 19

Viðauki 1. GRÓÐURSTUÐULSKORT MEÐ REITUM
Viðauki 2. TEGUNDALISTI
Viðauki 3. ÞEKJA TEGUNDA Í REITUM
Viðauki 4. JARÐVEGSDÝPT OG HÆÐ GRÓÐURS Í REITUM
Viðauki 5. STAÐSETNING REITA – HNITASKRÁ
Viðauki 6. MYNDASKRÁ

Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar tók Náttúrustofa Austurlands að sér að vakta mögulegar breytingar á gróðri sem kunna að verða á hálendinu við Hálslón og nálægum svæðum í kjölfar virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka. Verkefnið er langtíma vöktun þar sem markmiðið er að fylgjast með hvort setfok úr Hálslóni kunni að dreifast yfir svæðin og hvaða áhrif það kunni að hafa á gróður.

Í verkefninu eru notaðar tvær aðferðir sem gefa gott heildaryfirlit yfir gróður svæðisins. Annars vegar er það notkun gervitunglamynda þar sem reiknaður er út gróðurstuðull, en hann gefur upplýsingar um þekju og grósku gróðurs á svæðinu. Hins vegar eru það gróðurreitir á jörðu niðri sem gefa upplýsingar um tegundasamsetningu og þekju gróðurs auk þess að staðfesta gróðurstuðul (Gerður Guðmundsdóttir 2008).

Verkefninu er skipt í tvo hluta þ.e. grunnrannsókn og vöktun. Grunnrannsókn felur í sér uppsetningu gróðurreita, rannsókn á tegundasamsetningu og hlutfallslegri þekju tegunda í þeim og úrvinnslu úr gervitunglamyndum frá árunum 2002, 2007 og 2008. Við grunnrannsókn eru fengnar upplýsingar um ástand gróðurs á svæðinu áður en hugsanlegra áhrifa frá Hálslóni fer að gæta. Vöktun felur í sér endurteknar athuganir á ákveðnu árabili, samanburð við grunnmælingar og fyrri mælingar þar sem fylgst er með því hvort einhverjar breytingar á gróðri séu að eiga sér stað.

Búið er að setja upp gróðurreiti í Kringilsárrana (14 reitir) og á Vesturöræfum (28 reitir) og að reikna gróðurstuðul fyrir svæðin út úr fyrstu gervitunglamynd frá árinu 2002 (Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2007, Gerður Guðmundsdóttir 2008). Vorið 2008 var ákveðið að bæta við gróðurreitum á Fljótsdalsheiði m.a. til að fylgjast með hvort aukið beitarálag hreindýra hafi áhrif á gróðurlendin þar sem dýrin virðast ganga meira á sumrin á Fljótsdalsheiði nú en fyrir framkvæmdir við Kárahnjúka auk þess sem þar eru og hafa verið vetrarbeitilönd hreindýra (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2008). Þetta eru áhugaverðar rannsóknir, einkum ef horft er til lengri tíma þar sem fylgst er með hvernig gróður á stóru svæði við Hálslón og nágrenni kemur til með að þróast í kjölfar virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka. Þessar rannsóknir geta einnig varpað ljósi á hugsanlegar gróðurbreytingar vegna hlýnunar. Þegar vöktunin er komin af stað verða niðurstöður settar í samhengi við umhverfisþætti eins og veðurfar og samanburður gerður milli ára.

Til eru gervitunglamyndir af þessu svæði frá árunum 2002, 2007 og 2008. Búið er að reikna út gróðurstuðul og túlka niðurstöður úr fyrstu myndinni og verið er að vinna úr myndunum sem teknar voru 2007 og 2008 og bera saman við fyrri mynd. Er það einkum gert með það í huga að fá hugmynd um breytileika á milli ára. Einnig tekst ekki alltaf að ná fullkominni mynd og eru ýmsir umhverfisþættir sem geta haft áhrif á gæði myndanna og þá gróðurstuðulsgildi. Að taka nokkrar myndir í byrjun gróðurvöktunar er nauðsynlegt til að fá sem besta mynd af grunnástandi gróðurs út frá gróðurstuðli.

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla þar sem fjallað er um uppsetningu gróðurreita á Fljótdalsheiði sumarið 2008 og greiningu á fyrstu gervitunglamynd af svæðinu. Gróðurreitir voru settir út og rannsókn gerð á tegundasamsetningu og hlutfallslegri þekju tegunda í þeim. Gróðurstuðull var reiknaður út frá


gervitunglamynd frá 9. september 2002 og borið var saman sjónrænt mat á gróðurþekju gróðurreita við gróðurstuðulsgildi.

Fljótsdalsheiði er víðáttumikið heiðarflæmi í 600-700 m hæð á milli Fljótsdals í austri og Jökuldals í vestri. Heiðin afmarkast af Laugará í suðri og Fellaheiði í norðri. Heiðin er vel gróin og eru flóar og mýrar áberandi. Mólendisgróður er einnig víða og melagróður á hæðum. Landsvæðið skiptist á að vera gróin svæði, melöldur og vötn. Upp úr flatlendinu standa Eyvindarfjöll (884 og 847 m)og Þrælaháls (879 m) suðvestan til á heiðinni. Fjöldi vatna er á svæðinu, einkum austan við Miðheiðarháls og má þar nefna Gilsárvötn og Bessastaðavötn (Hjörleifur Guttormsson 1987, Kristbjörn Egilsson o.fl. 2001).

Aðferðir

Rannsóknasvæðið

Rannsóknasvæðið á Fljótsdalsheiði nær frá Þrælahálsi í suðri, Eyvindarfjöllum í vestri, að Bessastaðavötnum í norðri og að Fljótsdal í austri (Mynd 1). Rannsóknareitirnir dreifast ekki jafnt um svæðið heldur eru dreifðir á þeim svæðum þar sem aðgengi er mögulegt og vitað er að hreindýr fara um. Svæðið er víðáttumikið og víða erfitt yfirferðar en miðað er við að fjarlægð frá vegi eða slóða að gróðurreit sé ekki meira en 2 km. Er það gert til að ekki sé verið að eyða of miklum tíma í göngur.




Mynd 1. SPOT-5 gervitunglamynd af rannsóknasvæðinu á Fljótsdalsheiði.

Gróðurstuðull

Gervitunglamyndir sem notaðar eru í þessari rannsókn koma frá gervitunglinu SPOT-5. Í gervitunglinu er notaður sérstakur tækjabúnaður með nemum sem safna upplýsingum af yfirborði jarðar á mismunandi bylgjulengdum rafsegulrófsins. Þessar bylgjulengdir eru jafnan nefnd bönd. Teknar eru myndir af yfirborði jarðar samtímis á 5 aðgreindum böndum (í grænu og rauðu sýnilegu ljósi, nærinnrauðu, miðinnrauðu og einu svarthvítu bandi). Til að greina einkenni yfirborðs t.d. gróðurs eða mannvirkja er breytileikinn í endurvarpi milli þessara banda skoðaður (http://www.lmi.is/sersvid/spot5/). Nánari upplýsingar um gróðurstuðul og útreikninga á honum er að finna á bls. 3-4 í skýrslunni „ Gróðurvöktun á Vesturöræfum með notkun gervitunglsmynda“ (Gerður Guðmundsdóttir 2008).

Út frá gervitunglamynd sem tekin var af Kárahnjúkasvæðinu 9. september 2002 (Mynd 2) var reiknaður út gróðurstuðull með stafrænum aðferðum. Við úrvinnslu gagna var notaður ERDAS IMAGINE 9.1 (Leica Geosystems 2006) og ArcGIS 9 (ESRI 2006) hugbúnaður. Forvinnsla á gervitunglamyndinni, hnitsetning og upprétting var gerð áður en myndin kom til Íslands. Þetta var gert hjá SPOT IMAGE í Frakklandi, þeim sem taka myndina (www.spotimage.com). Kolbeinn Árnason hjá Landmælingum Íslands útvegar þeim þau gögn sem þarf við forvinnslu myndar.

Í ERDAS IMAGINE var böndunum endurraðað áður en gróðurstuðull var reiknaður. Þetta var gert til að það væru innrautt band og rautt sýnilegt band sem voru notuð til útreikninga á gróðurstuðli. Einnig voru gerðar geislunarleiðréttingar til að lágmarka áhrif andrúmsloftsins á endurvarpsgeislunina sem berast til nemans í gervitunglinu. Þetta var gert með því að gefið var að það væri einhver staður á myndinni þar sem væri ekkert endurvarp eins og vatn, þannig að þar væri endurvarpið 0 á öllum böndunum. Lægsta gildi á hverju bandi var því dregið frá þannig að það yrði 0 (núllstillt) og lækkuðu þá öll gildi á böndunum sem því nam.



Mynd 2. SPOT-5 gervitunglamynd frá september 2002.

Gróðurstuðull fyrir hverja myndeiningu í myndinni (hver myndeining er 10 x 10m) var síðan reiknaður í ERDAS IMAGINE eftir jöfnunni GS = (NIR – R)/(NIR + R), þar sem GS = gróðurstuðull, NIR = endurvarp í nærinnrauðu, R = endurvarp í rauðu sýnilegu ljósi. Gróðurstuðulsgildi voru flokkuð í 6 flokka með sjálfvirkri flokkun og valið að 99.5% myndarinnar yrði flokkað en mjög erfitt er að ná 100 % flokkun.

Þegar búið var að flokka myndina var búið til kort í Arc GIS. Litir voru settir á gróðurstuðulsgildin, þessa 6 flokka sem búið var að flokka í þar sem hver litur samsvaraði ákveðnu bili gróðurstuðulsgilda og sýndi þá í raun grósku og þekju á svæðinu t.d. lægsti gildisflokkurinn sýnir vatn og fékk sá flokkur bláan lit og hæstu gildin sýnir mestan gróður og fékk hann dökkgrænan lit (Mynd 5, bls. 9).

Þegar farið var á Fljótsdalsheiði til að setja upp gróðurreiti var kortlagningin sem byggð er á gróðurstuðli sannreynd. Það var gert með því að valdir gróðurreitir voru skoðaðir og teknar ljósmyndir til að meta hvort gróðurstuðulsflokkunin væri í samræmi við raunveruleikann. Þetta var gert með sjónrænu mati þannig að skráð var hvernig gróðurþekja í reit passaði við gróðurþekjuna sem gróðurstuðuls kortið sýndi á viðkomandi svæði.

Uppsetning gróðurreita

Farið var á Fljótsdalsheiði dagana 11. til 13. ágúst 2008 og gróðurreitir settir upp. Metin var tegundasamsetning og þekja gróðurs, teknar myndir og svæði skoðað út frá útreikningum gróðurstuðuls.

Fyrir ferðina var rannsóknasvæðinu skipt eftir hnitum í 1 x 2 km einingar á korti. Í áttina suður – norður voru 2 km og vestur – austur átt var 1 km. Gróðurreitir voru settir út á skurðpunktum hnita á þeim svæðum þar sem vitað er að hreindýr ganga um og þar sem ekki var of langt í gróðurreit frá vegi eða slóða (Mynd 5, bls.9).

Alls voru lagðir út 30 gróðurreitir þar sem hver reitur var 10 x 10 m. Farið var í alla reiti með aðstoð GPS tækis og korts og var GPS hnit tekið í SV horni á hverjum reit. Horn reita voru afmörkuð með tréhælum. Í suðvesturhorni hvers reits var tréhæll hvítur efst en rauður á hinum hornunum. Hver reitur var merktur með litlu skilti og ljósmynd var tekin af honum.


1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
41	42	43	44	45	46	47	48	49	50
51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70
71	72	73	74	75	76	77	78	79	80
81	82	83	84	85	86	87	88	89	90
91	92	93	94	95	06	97	98	99	100

Mynd 3. Hverjum reit er skipt í 100 smáreiti sem einkenndir eru frá 1-100.

Hver reitur var metin, með sjónrænu mati, með tilliti til heildagróðurþekju í reitnum. Var það gert til að bera gróðurþekjuna á svæðinu saman við gróðurstuðulsflokkunina. Gróðurþekjan var flokkuð í 5 flokka og er gróðurlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands hafður til hliðsjónar en þar er gróðurþekja í 5 flokkum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2009d).

Hverjum reit (10 x 10 m), var skipt í 100 1 m^2 smáreiti sem voru auðkenndir með hlaupandi númeri frá 1–100 þar sem smáreitur 1 var í SV horni reits og smáreitur 100 var í NA horni hans (Mynd 3).

Fyrirfram var búið að velja tilviljanakennt 10 smáreiti (1 m^2) innan hvers reits. Hverjum af þessum 10 smáreitum var skipt i fernt, 0,5 x 0,5 m ramma sem voru einkenndir með bókstöfunum a, b, c, d og var fyrirfram búið að velja tilviljanakennt einn ramma til að gera úttekt á tegundasamsetningu og þekju gróðurs (Mynd 4). Hver rammi sem valin var til mælinga var afmarkaður með flöggum. Flöggin voru litlir málmteinar sem stungið var niður í jörðina og á endanum voru lítil flögg. Í suðvesturhorni hvers ramma var sett appelsínugult flagg en gult í hin hornin. Ljósmynd var tekin af hverjum ramma.



Mynd 4. Skipting 1 m^2 smáreits í fjóra 0,5 x 0,5 m ramma.

Tafla 1. Breyttur Hult-Sernander skali.

Þekjuskali	Miðgildi
50-100%	75
25-50%	37,5
12,5-25%	18,8
6,3-12,5%	9,4
1-6,3%	3,6
< 1%	0 ,5

Innan hvers ramma var þekja tegunda metin með sjónrænu mati á hlutfallslegir þekju hverrar tegundar af yfirborði lands innan ramma. Metin var þekja allra háplöntutegunda. Metin var þekja allra fléttuættkvísla og hver ættkvísl metin sem tegundahópur. Þekja mosa var metin sameiginlega sem tegundahóps nema snjómosi sem var metin sérstaklega. Hæð gróðurs var mæld og jarðvegsdýpt. Við þekjumatið var notaður skali sem er afbrigði af Hults-Sernander þekju skala (Sjörs 1956). Miðgildi var reiknað fyrir hvern þekjuflokk (Tafla 1). Breyting á þekjuskalanum var gerð til að halda betur utan um upplýsingar um tegundir með litla þekju (Guðrún Á. Jónsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2005).

Hæð gróðurs var metin þannig að meðalhæð hæstu sprota í hverjum fjórðungi rammans var mæld og er hæð gróðurs í ramma meðaltal þeirra mælinga. Jarðvegsdýpt var mæld með því að stinga niður mjórri stöng þangað til hún stöðvaðist á föstu undirlagi í hverjum ramma. Stöngin sjálf var 86,5 cm þannig að ef það var lengra niður á fast en það var jarðvegsdýpt skráð meira en 86,5 cm. Meðaltal úr hverjum reit var síðan reiknað út frá þeim 10 römmum sem mælt var úr.


Hlutfallsleg þekja plöntutegunda var metin til að geta í framtíðinni fylgst með hvort breytingar verða á tegundasamsetningu. Hæð gróðurs var mæld til að fylgjast með vexti og þroska gróðurs og jarðvegsdýpt í reitum var mæld en jarðvegurinn og breytingar á honum geta verið mikilvægur þáttur til að skýra breytingar á gróðurfari.

Gróðurlýsing reits byggist á meðaltali smáreitanna innan hvers reits. Mismunandi litir á flöggum eru til að auðvelda greiningu ljósmynda, einkum þegar myndir frá mismunandi tímabilum eru bornar saman.

Tegundir voru skráðar í reitum. Ef tegund kom fyrir innan reits en ekki innan fyrirfram valinna ramma innan reitsins sem greint var úr var hún skráð (Viðauki 2 og 3).

Við uppsetningu reita var notuð sama aðferðafræði og var notuð í Kringilsárrana sumarið 2006 og á Vesturöræfum sumarið 2007 (Guðrún Á Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2007, Gerður Guðmundsdóttir 2008). Í framtíðinni er því hægt að fylgjast með þróun þessara svæða og bera þau saman með því að nýta þessa reiti ásamt því að notast við upplýsingar frá SPOT-5 gervitunglamyndum sem teknar verða með nokkurra ára millibili.

Að vettvangsvinnu unnu: Gerður Guðmundsdóttir, Jón Ágúst Jónsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Veður þessa daga var misjafnt, 11. ágúst var milt veður, skýjað og skúrir á köflum, 12 ágúst var gott veður, skýjað og sól á köflum og varð meiri sól þegar líða tók á daginn og 13. ágúst var skýjað, logn og gott veður fyrri part dags en seinnipartinn komu skúrir.



Mynd 5. Gróðurstuðulskort af rannsóknasvæðinu á Fljótsdalsheiði og staðsetning gróðurreita.

Niðurstöður

Gróðurstuðull

Fyrir SPOT-5 gervitunglamyndina sem tekin var af Kárahnjúkasvæðinu 9. september 2002 voru reiknuð út gróðurstuðulsgildi (GS). Þetta var gert fyrir hverja myndeiningu í myndinni. Gildin voru síðan flokkuð í 6 flokka; vatn (blár litur), ógróið (ljósbrúnn), lítið gróið (mosagrænn), hálfgróið (ljósgrænn), gróið (grænn) og fullgróið (dökkgrænn) (Mynd 5, bls. 9).

Vatn var með lægstu gildin frá mínus 0.636 til mínus 0.111. Ógróið var með næstlægstu gildin frá mínus 0.110 til 0.005. Miðjuflokkarnir "Lítið gróið" var með gildi frá 0.006 til 0.138 og "Hálfgróið" með gildi frá 0.138 til 0.271. Næsthæstu gildi hafði flokkurinn "Gróið" með gildi frá 0.273 til 0.403 og hæstu gildin voru í "Fullgróið" með gildi frá 0.404 til 0.8. (Tafla 2).

Tafla 2. Gróðurstuðulsgildi (GS), flokkuð í 6 flokka.

Flokkur	Lægsta GS gildi	Hæsta GS gildi
Vatn (blátt)	-0.636	-0.111
Ógróið (brúnn)	-0.110	0.005
Lítið gróið (mosagrænn)	0.006	0.138
Hálfgróið (ljósgrænn)	0.138	0.271
Gróið (grænn)	0.273	0.403
Fullgróið (dökkgrænn)	0.404	0.800

Gróðurstuðulsgildi geta verið frá mínus 1 til plús 1 þar sem mínus 1 er enginn gróður en plús 1 er gróskumikill og heilbrigður gróður. Gildi í kringum 0 sýna samt sem áður engan gróður en plús gildin gefa til kynna að gróður sé á svæðinu og því meiri gróska sem talan er hærri. Gildi nálægt 1 (0.8 og 0.9) gefa til kynna mikla grósku og þéttleika gróðurs.

Í gervitunglamyndinni sýna ólíkir litir gróðurþekjuna og gróskuna á svæðinu. Út frá myndinni var búið til kort sem sýnir bæði gróðurstuðulsflokk og staðsetningu reita. Gróðurstuðulsflokkur allra reita var síðan borinn saman við sjónrænt gróðurþekjumat viðkomandi reits (Tafla 3, bls.11 og Viðauki 1). Gróðurþekja í reitunum og gróðurstuðulsflokkar pössuðu í flestum tilvikum vel saman. Í tveimur tilvikum gerði það ekki en þar var hægt að gera grein fyrir því (sjá umræða).

Rannsóknareitir

Þrjátíu gróðurreitir voru settir upp á Fljótsdalsheiði og eru þeir einkenndir með tölustöfunum frá 1 og upp í 30 (Mynd 5, bls. 9). Gróðurreitir eru flestir á grónu svæði eða 25 af 30 gróðurreitum eru á grónu eða vel grónu svæði miðað við sjónrænt þekjumat. Merki um umferð dýra var í flestum reitum. Voru það einkum ummerki eftir kindur, gæsir og hreindýr. Alls voru skráðar 77 háplöntutegundir og 4 fléttuættkvíslir á Fljótsdalsheiði í vettvangsferð sumarið 2008 (Viðauki 2) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2009a og b).

Hæð gróðurs mældist mismikil en meðalhæðin mældist mest í reit 5, þar var hún um 23 cm og minnst meðalhæð mældist í reit 6 þar sem hún var um 1 cm. Jarðvegsdýpt mældist mismikil mest meðaljarðvegsdýpt var meira en 86 cm á nokkrum stöðum og minnst meðaldýpt var 14,4 cm í reit 29. Fjöldi plöntutegunda var mestur í reit 3 þar sem tegundir voru 40 og fæstar tegundir voru í reit 26 þar sem þær voru 6 talsins. Reitir sem voru með hæstu gróðurstuðulsgildi eða "fullgróið" voru reitir 13, 17, 18, 20, 21, 22 og 24 og lægstu gildin "lítið gróið" var í reit 14 (Tafla 3).

Tafla 3. Gróðurstuðulsflokkur, gróðurþekja í reitum, jarðvegsdýpt, meðalhæð gróðurs og fjöldi tegunda í reitum 1-30 á Fljótsdalsheiði sumarið 2008.

Reitur	Gróðurþekja (gróðurstuðull)	Gróðurþekja í reitum	Jarð-vegsdýpt (cm)	Meðalhæð Gróðurs (cm)	Fjöldi tegunda
1	Gróið	Gróið mólendi	36.3	3,6	21
2	Gróið	Gróið mólendi	>86	5,6	19
3	Fullgróið/gróið	Gróið mólendi	65,3 *	5,8	40
4	Hálfgróið	Hálfgróið rofið mólendi	63,2 *	1,9	31
5	Gróið	Gróið mólendi	57,4 *	22,9	23
6	Gróið/hálfgróið	Að mestu gróið, þurrt mólendi	56,4 *	1,1	22
7	Gróið	Gróið mólendi	37,5	9,2	35
8	Gróið/fullgróið	Vel gróið mólendi	82,1 *	6,3	18
9	Gróið	Gróið þurrt mólendi	79,7 *	2,4	24
10	Hálfgróið	Hálfgróið mólendi	57,7 *	3,4	30
11	Fullgróið/gróið	Vel gróið mólendi	77,0 *	6,7	19
12	Gróið	Gróið mólendi	37,6 *	5,4	20
13	Fullgróið	Vel gróin mýri	73,8 *	12,8	30
14	Lítið gróið	Vel gróin flói (færðist 10m)	58,3 *	13,4	13
15	Fullgróið/gróið	Vel gróið mólendi	60,8 *	8,9	25
16	Hálfgróið/gróið	Lítið gróið graslendi	29,3	5,0	21
17	Fullgróið	Vel gróin mýri	>86	18,3	11
18	Fullgróið	Vel gróið mólendi	80,6 *	9,5	16
19	Fullgróið/gróið	Nokkuð vel gróin mýri	45,7 *	9,7	24
20	Fullgróið	Vel gróin mýri	>86	16,3	14
21	Fullgróið	Vel gróin mýri	81,1 *	14,4	13
22	Fullgróið	Vel gróin mýri	83,1 *	11,8	14
23	Gróið	Gróið mólendi	77,9 *	3,2	23
24	Fullgróið	Vel gróið deiglendi	77,9 *	13,1	26
25	Gróið	Gróið mólendi	30,9 *	3,7	21
26	Gróið/fullgróið	Vel gróin flói	>86	12,9	6
27	Gróið	Gróið mólendi	38,5 *	3,1	16
28	Gróið	Gróið mólendi	27,2	2,7	25
29	Hálfgróið/gróið	Rofið mólendi	14,4	2,1	25
30	Fullgróið/gróið	Vel gróin mýri	>86	12,7	17

* Í reitum voru einhverjir rammar með dýpt meira en 86,5 þannig að talan er ekki alveg marktæk.

Lýsing reita

Reitur 1 er við Þrælaháls syðst á rannsóknasvæðinu. Reiturinn er gróinn, lítt þýfður stinnastaramói. Af tegundum er mest um stinnastör og mosa. Kornsúra og bikarfléttur eru einnig nokkuð áberandi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er í grónu gróðurlendi (Mynd 6, Tafla 3).



Mynd 6. Reitur 1. Gróið mólendi (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008)

Reitur 2 er við Þrælaháls um 100 m. vestan við slóða sem liggur þar í norður. Reiturinn er gróinn, lítt þýfður, þurr stinnastaramói. Tegundir sem eru mest áberandi í reitnum eru stinnastör, geldingahnappur, kornsúra og mosi. Reiturinn var færður 16 m. í norður til að komast hjá því að hann lenti í vegslóða. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 3 er við Þrælaháls syðst á rannsóknasvæðinu. Gróðurlendið er gróið stinnastaramólendi með mikið af stinnastör, túnvingli og mosa. Í suðurenda reitsins er dæld þar sem er snjódældagróður eins og grasvíðir. Í suðvesturhorni reitsins er blautt og þar er mikið af klófífu. Nokkuð um gæsaskít í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).



Mynd 7. Reitur 4. Rofið mólendi (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008)

Reitur 4 er norðan við Þrælaháls, rúman 1 km. vestan við slóða sem liggur þar í norður. Gróðurlendið er rofið mólendi. Mest áberandi gróður er mosi, fjallagrös, kornsúra og geldingahnappur. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á hálfgrónu svæði (Mynd 7, Tafla 3).

Reitur 5 er um 100 m. vestan við slóða sem liggur í norður, norðaustur af Þrælahálsi. Gróðurlendið er gróið, smáþýft stinnastaramólendi. Mest áberandi tegundir eru stinnastör, grávíðir, kornsúra og mosi. Í norðvesturhluta reitsins er meira blautt og nokkuð um hrafnafífu. Tvö stór grjót eru í reit. Gæsaskítur og lambaspörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 6 er norðvestur af Axarárvötnum. Reiturinn er að mestu gróinn lítt þýfður, þurr krækilyngsmói. Helstu tegundir eru stinnastör, túnvingull, fjallagrös og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á hálfgrónu til grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 7 er um 100 m. austan við Kárahnjúkaveg um 1 km. suðvestan við Hólmavatn. Reiturinn er í grónum krækilyngs og stinnastaramóa með dæld í miðju þar sem er hrossanáladeiglendi. Ríkjandi tegundir eru stinnastör, krækilyng, grávíðir, hrossanál, kornsúra og mosi. Spörð og rjúpnaskítur í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 8 er um kílómetra vestan við suðurenda Kofaöldu, við Þórisstaðakvísl. Reiturinn liggur í vel gróinni mýrastaramýri en fer á köflum yfir í stinnastara-krækilyngsmóa. Mest áberandi tegundir eru mýrastör, stinnastör og mosi. Spörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 9 er rétt sunnan við suðurenda Kofaöldu. Gróðurlendið er gróið, þýft og þurrt krækilyngsmólendi. Mikið af breyskjum og bikarfléttum. Aðrar helstu tegundir í reit eru stinnastör, grasvíðir, mosalyng og mosi. Öskjuvikur og spörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 10 er um 1 km. sunnan við Hólmavatn. Reiturinn er í rofnum krækilyngsmóa með grávíði. Helstu tegundir í reit eru krækilyng, grávíðir, holtasóley, móastör og fléttur. Spörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á hálfgrónu svæði (Tafla 3).

Reitur 11 er á milli Þórisstaðakvíslar og Eyvindarár um 1 km. sunnan við slóða sem liggur í vestur í átt að Eyvindarfjöllum. Gróðurlendið er vel gróið þýft stinnastaramólendi. Mest áberandi tegundir eru mosi og stinnastör. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 12 er rétt austan við Þórisstaðakvísl um 200 m. sunnan við slóða sem liggur í vestur að Eyvindarfjöllum. Reiturinn er gróinn, lítt þýfður þurr stinnastaramói. Einkennistegundir eru mosi og stinnastör. Mosi mikið þurr og á köflum dauður. Spörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 13 er vestan við Kofaöldu og liggur rétt hjá slóða sem liggur vestur að Eyvindarfjöllum. Reiturinn hallar aðeins í vestur og er gróðurlendið vel gróið þýft hallamýrlendi með klófífu í botni og stinnastör á þúfum. Mosi er undirliggjandi og er blautt í botninn og er þar leir-járnlitað. Tegundafjölbreytni er meiri þar sem smáreitir eru í blautu og svo eru stórar þurrar þúfur. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).



Mynd 8. Smáreitur í reit 13. Vel gróin mýri (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008)

Reitur 14 er við vatn austan við Kofaöldu. Reiturinn lenti í vatnsborðinu og því þurfti að færa hann um 10 m í austur. Reiturinn er í vel grónum klófífuflóa og eru helstu tegundir klófífa, hengistör og grávíðir með mosa undirliggjandi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á lítið grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 15 er í austurhlíð Ytra-Eyvindarfjalls, rétt norðan við slóða sem liggur í Fjallaskarð. Reiturinn hallar í austur og er vel gróinn í þýfðum stinnastaramóa. Mest áberandi tegundir eru stinnastör, krækilyng, kornsúra og mosi. Spörð og gæsaskítur í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).



Mynd 9. Reitur 16. Rofið graslendi (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008)

Reitur 16 er rétt vestan við Eyvindará, norðan við vegslóða sem liggur í Fjallaskarð. Reiturinn liggur í gömlum árfarvegi. Svæðið er rofið, að mestu ógróið og talsvert grýtt. Helstu tegundir eru grös. Greinilega mikið um að sauðfé gangi þar um, því mikið var um spörð. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á hálfgrónu til grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 17 er á milli Eyvindarár og Þórisstaðakvíslar um 1 km. norðan við slóða sem liggur í Fjallaskarð. Gróðurlendið er vel gróið þýft mýrastaramýrlendi með klófífu í hluta reits. Helstu tegundir í reit eru mýrastör, grávíðir, kornsúra og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 18 er rétt austan við Þórisstaðakvísl um 1,5 km. norðan við vegslóða sem liggur í Fjallaskarð. Gróðurlendið er vel gróið smáþýft stinnastaramólendi. Helstu tegundir eru stinnastör, kornsúra og mosi. Hreindýrahár og gæsaskítur í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 19 er norðvestan við norðurenda Kofaöldu. Gróðurlendið er gróið þýft mýrlendi. Mest áberandi tegund í reit er mýrelfting. Aðrar helstu tegundir eru mýrastör, kornsúra, grávíðir og mosi. Lambaspörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 20 er norðaustan við norðurenda Kofaöldu. Gróðurlendið er vel gróið mýrastara – hengistaramýrlendi með smá klófífu. Helstu tegundir í reit eru mýrastör, hengistör, klófífa, grávíðir og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 21er um 200 m. austan við Kárahnjúkaveg, til móts við suðurenda Gilsárvatna. Gróðurlendi er vel gróið mýrlendi með mýrastör og hrafnastör ríkjandi og klófífu í blautum dældum. Helstu tegundir í reit eru mýrastör, hrafnastör, klófífa og mosi. Holur vegna gæsabeitar á kornsúru í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 22 er um 1200 m frá Kárahnjúkavegi til móts við norðurenda Eyraselsvatns. Reiturinn er í vel gróinni þýfðri klófífumýri. helstu tegundir eru klófífa, mýrastör, grávíðir, kornsúra og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 23 er um 1 km. suðaustan við Eyraselsvatn. Reiturinn hallar örlítið mót suðvestri og er gróðurlendi gróið, smáþýft krækilyngsmólendi. Helstu tegundir eru krækilyng, stinnastör, fjallagrös og mosi. Gæsaskítur og merki um gæsabeit var í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Mynd 10, Tafla 3).



Mynd 10. Reitur 23. Gróið mólendi (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008).

Reitur 24 er um 500 m. suðvestan við Þórfell og um 1,5 km. suðaustan við Kárahnjúkaveg. Reiturinn hallar örlítið í aust–norðaustur. Gróðurlendi er hrossanál-deiglendi neðst, krækilyngs-stinnastaramólendi í miðju og mýrelftingar-mýri efst. Helstu tegundir í reit eru stinnastör, mýrelfting, krækilyng, hrossanál, kornsúra og mosi. Fjárgata í reit, einnig skítur og ummerki um beit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á vel grónu svæði (Tafla 3).


Reitur 25 er um 1 km. sunnan Bessastaðavatna. Gróðurlendi er gróið, þýft stinnastaramólendi. Stinnastör og mosi eru ríkjandi tegundir en einnig eru kornsúra og grasvíðir algeng. Tvö stór grjót eru í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 26 er um 2 km. sunnan við Bessastaðavötn, rétt suðvestan við Vegufs. Reiturinn er í vel grónum Klófífu og hengistaraflóa. Helstu tegundir í reit eru klófífa, hengistör og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 27 er um 1 km. sunnan við Vegufs. Gróðurlendið er gróið stinnastaramólendi. Ríkjandi tegundir í reit eru stinnastör, fjallagrös og mosi. Spörð í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 28 er um 1,5 km. norðaustan við Bugöldu, tæpan 1 km suðvestan við slóða sem liggur að Bessastaðavötnum. Gróðurlendið er þýft smárofið stinnastara-mosamólendi. Ríkjandi tegundir í reit eru stinnastör, fjallagrös og mosi. Skítur í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á grónu svæði (Tafla 3).

Reitur 29 er um rúman kílómeter vestan við suðurenda Bessastaðavatna, vestan við slóða sem liggur þar um. Gróðurlendið er rofinn mói með stórgrýti. Að hluta til er reiturinn í krækilyngsmóa með ríkjandi tegundir krækilyng, grávíðir og fjallagrös og að hluta stinnastaramói með ríkjandi tegundir stinnastör og fjallagrös. Gæsaskítur í reit. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á hálfgrónu til grónu svæði (Tafla 3).



Mynd 11. Smáreitur í reit 29. Rofið mólendi með stórgrýti (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008).

Reitur 30 er suðvestur af Bessastaðavötnum, rétt við slóða sem fer þar hjá. Gróðurlendið er vel gróið, þýft mýrastaramýrlendi með klófífu. Ríkjandi tegundir eru mýrastör, kornsúra, klófífa og mosi. Gróðurstuðull sýnir að reiturinn er á nokkuð vel grónu svæði (Tafla 3).

Umræða

Fljótsdalsheiði er víðáttumikið landsvæði í 600-700m hæð. Heiðin er vel gróin og mikið er af vötnum. Flóar og mýrar eru áberandi en einnig eru mólendi víða. Á rannsóknasvæðinu eru gróðurlendi víða gróskumikil og samfelld og í góðu ásigkomulagi en inn á milli koma fyrir rofin svæði og melar. Niðurstöður úr rannsóknareitum sýna að votlendi, þ.e. flóar, mýrar og deiglendi voru vel gróin og mólendi yfirleitt gróin og sum gróskumikil en á fáeinum stöðum voru þau nokkuð rofin.

Flestar tegundir sem fundust eru algengar á landsvísu. Tegundir sem fundust og vaxa aðallega á norðan, norðaustanverðu og á miðhálendinu eru fjallanóra, maríuvendlingur, móanóra, móastör og tröllastakkur (Viðauki 2) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2009a). Slíkar tegundir eru dæmi um það sem kallað er meginlandstegundir þar sem útbreiðsla þeirra er skýrð með aðlögun að umhverfi, einkum samspili lofthita og úrkomu (Hjörleifur Guttormsson 1987).

Gróður á rannsóknasvæðinu er víða gróskumikill og samfelldur og í góðu ásigkomulagi sem sést einkum á því að hæsta gróðurstuðulsgildi sem mælist, fullgróið, er á bilinu 0.4 til 0.8. Sjö reitir mælast með þessa flokkun sem sýnir að víða eru vel gróin svæði. Fullgróin og gróin lendi ná yfir víðáttumikil svæði (Mynd 8, bls. 13). Rannsóknareitirnir eru oftast á vel grónum eða grónum svæðum og nokkrir reitir eru á hálfgrónu svæði. Enginn reitur er á ógrónu svæði. Séu gróður-stuðulsgildi úr gervitunglamynd borin saman við sjónrænt mat á gróðurþekju úr reitum þá fer það í flestum tilvikum vel saman. Í tveimur reitum, reit 14 og 16, er ósamræmi á milli (Tafla 3, bls. 11 og Viðauki 1).



Mynd 12. Reitur 14 í vel grónum flóa (Ljósmynd. Skarphéðinn G. Þórisson 2008).

Gróðurstuðulsgildi í reit 14 sýndi lítið gróið gróðurlendi en sjónrænt mat á gróðurþekju í reit sýndi vel gróinn flóa (Tafla 3, bls. 11 og Mynd 12). Reiturinn er við lítið vatn austan við Kofaöldu. Reiturinn lenti í vatnsborðinu og því þurfti að færa hann um 10 m í austur. Gróðurstuðulsgildi í vatnsborðinu sýndi lítið gróið en austan við vatnsborðið sýna gróðurstuðulsgildi aðallega gróið með fullgrónu inn á milli (Viðauki 1). Þetta getur útskýrt misræmið að þegar búið var að færa reitinn um 10 m var hann kominn í gróðurstuðulsgildi gróið/fullgróið. Einnig er vert að nefna að vatn gleypir í sig mikið af innrauðu ljósi, sjá mynd 1, bls. 3 í (Gerður Guðmundsdóttir 2008) og getur þannig leitt til þess að í votu gróðurlendi getur gróðurstuðulsgildi mælst aðeins lægra en það annars mundi gera ef það væri þurrara (munnl.uppl. Sigmar Metúsalemsson). Þannig getur gróðurstuðulgildi í votu lendi eins og flóa sýnt gróið en ekki fullgróið þar sem svæði er vel gróið.


Gróðurstuðulsgildi í reit 16 sýndi hálfgróið til gróið gróðurlendi en gróðurþekja í reitnum var metin lítið gróið (Tafla 3, bls. 11 og Mynd 9, bls. 14). Reiturinn er vestan við Eyvindará og liggur í gömlum rofnum árfarvegi. Reiturinn liggur í jaðrinum norðanmegin í farveginum. Árfarvegurinn er grýttur og

gróðurþekja lítil en ofan við rofabörð beggja vegna farvegar eru gróin mólendi. Gróðurstuðull sýnir einnig þetta mynstur þ.e. norðan við reitinn sýna myndeiningar gróið og sunnan við reit sýnir myndeining lítið gróið, svo kemur ein myndeining hálfgróið og eftir það kemur gróið (Viðauki 1). Hugsanleg skýring er að áin hafi flætt yfir svæðið með tilheyrandi rofi eftir að gervitunglamyndin var tekin árið 2002.

Gróðurlendi geta verið mis viðkvæm gagnvart beit og traðki. Á hálendi Íslands norðan Vatnajökuls er gróðurþekjan víða þunn og viðkvæm. Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á beitarþoli einstakra landssvæða m.t.t. hreindýrabeitar en árin 1980-1982 var gerð ítarleg rannsókn á fæðu og beitilöndum íslensku hreindýranna (Kristbjörn Egilsson 1983). Þar kemur fram að beitarsvæði voru yfirleitt í góðu ástandi. Á sumarbeitarsvæðum á Vesturöræfum var ástand gróðurs í góðu lagi. Á Jökuldalsheiði þar sem hreindýr höfðu gengið í tiltölulega fá ár var ástand vetrarbeitarsvæða gott. Á Fljótsdalsheiði þar sem hreindýr höfðu gengið í fleiri ár var ástand á vetrarbeitarsvæðum hins vegar víða frekar lélegt og hafði versnað samhliða fjölgun dýranna þar og voru fléttur ofnýttar. Lítið var af fléttum á Fljótsdalsheiði og Vesturöræfum þar sem þéttleiki hreindýra hafði verið hvað mestur, en fléttur eru í miklu uppáhaldi hjá hreindýrunum og eru mikilvægastar í vetrarfæðunni á svæðum, þar sem þær er að finna. Í ofangreindri rannsókn Kristbjörns Egilssonar (1983) kom í ljós þegar vambarinnihald hreindýra var skoðað að þar sem nóg var af fléttum, eins og á Jökuldalsheiði, voru þær ríkjandi hluti af vetrarfæðu þeirra en á Fljótsdalsheiði voru það aðrar tegundir svo sem einkímblöðungar (t.d. vallarsveifgras, stinnastör og túnvingull) og sígrænir runnar (t.d. sauðamergur og krækilyng) og var tegundasamsetning í fæðu hreindýra á Fljótsdalsheiði talin vísbending um rýra haga. Frá sumrinu 2002 hafa hreindýr gengið meira á sumrin á Fljótsdalsheiði en minna á Vesturöræfum eins og þau gerðu áður. Á Fljótsdalsheiði eru einnig vetrarbeitilönd hreindýra og er þessi breytta hagaganga þeirra á sumrin því aukið álag á beitilönd þar (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2008).

Áhrif af of miklu beitarálagi geta tekið tíma að koma fram áður en það fer að sjást á gróðurlendum og langan tíma getur tekið fyrir land að jafna sig eftir slíka ofbeit. Því er mjög mikilvægt að fylgjast með gróðurfari eins og á Fljótsdalsheiði þar sem ástandið á vetrabeitarsvæðum virðist ekki vera gott, þegar við bætist að hreindýrin ganga þar einnig á sumrin. Með því að hafa gróðurreiti á Fljótsdalsheiði ásamt því að nýta gervitunglamyndir er unnt að fylgjast með gróðurframvindunni þar, þá einkum með tilliti til beitarálags á svæðinu og hvort breytt hagaganga hreindýra hafi áhrif á gróðurlendin.

Uppsetning gróðurreita á Fljótsdalsheiði er góð viðbót við rannsóknir í Kringilsárrana og á Vesturöræfum (Mynd 13, bls. 18). Að hafa gróðurreiti á öllum þessum svæðum ásamt því að nýta gróðurstuðulsgildi frá SPOT-5 gervitunglamyndum er vöktun gróðurlenda á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar orðin víðáttumikil og gefur möguleika á því að fylgjast með hvernig ástand gróðurs á þessum svæðum kemur til með að þróast í framtíðinni. Hægt er að bera þessi svæði saman og túlka betur ástæður gróðurbreytinga ef þær verða.



Mynd 13. Gróðurstuðulskort af rannsóknasvæðum við Hálslón og í nágrenni. Gróðurreitir í Kringilsárrana, á Vesturöræfum og á Fljótsdalsheiði.

Heimildir

Gerður Guðmundsdóttir, Náttúrustofa Austurlands 2008. *Gróðurvöktun á Vesturöræfum með notkun gervitunglamynda, Grunnrannsókn.* Skýrsla Náttúrustofu Austurlands. **NA-080082**. Skýrsla Landsvirkjunar. **LV-2008/046**.

Guðrún Á. Jónsdóttir, Erlín E. Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2005. *Baseline survey report. External environmental monitoring. Fjarðaál smelter project. Reyðarfjörður.* Skýrsla Náttúrustofu Austurlands. **NA-050065**.

Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofa Austurlands 2007. *Kárahnjúkavirkjun, Rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana. Lýsing gróðurs og uppsetning vöktunarreita.* Skýrsla Náttúrustofu Austurlands. **NA-070073**. Skýrsla Landsvirkjunar. **LV-2007/036**.

Hjörleifur Guttormsson 1987. *Norð-Austurland hálendi og eyðibyggðir*, Ferðafélag Íslands, Árbók 1987. Reykjavík. 242 bls.

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. *Vöktun válistaplantna 2002-2006*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands Nr.50 Náttúrufræðistofnun Íslands. 86. bls.

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Sigurður H. Magnússon og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. *Kárahnjúkavirkjun. Áhrif á gróður og fugla á sunnanverðri Fljótsdalsheiði og vestur að Kárahnjúkum.* Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands. **NÍ 01006**. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 109 bls. + viðaukar.

Landmælingar Íslands 2009. http://www.lmi.is/sersvid/spot5/. Skoðað í nóvember 2009.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2009a. http://www.floraislands.is/blomaval.htm
Skoðað í október 2009.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2009b. http://www.floraislands.is/plantlist.htm
Skoðað í október 2009.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2009c. http://www.floraislands.is/flettuval.htm
Skoðað í október 2009.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2009d. http://www.ni.is/grodur/grodurkort/grodurlykill/
Skoðað í nóvember 2009.

Sjörs. H. 1956. *Nordisk växgeografi.* Skandinavian Universety books. Stockholm.


Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir, Náttúrustofa Austurlands 2009. *Staða hreindýrarannsókna á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar 2008. Helstu vöktunarþættir og rannsóknir frá 2001, mat á áhrifum virkjunarinnar og tillögur um framtíðarvöktun.* Skýrsla Náttúrustofu Austurlands. **NA-090084**. Skýrsla Landsvirkjunar. **LV-2009/002.**

Munnlegar upplýsingar:
Sigmar Metúsalemsson


Viðauki 1

Gróðurstuðulskort með reitum


Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum




Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum



Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum



Viðauki 1. Gróðurstuðulskort með reitum



Viðauki 2

Tegundalisti

Viðauki 2 – Tegundir háplantna og ættkvíslir fléttna

Tegundir háplantna sem fundust í gróðurreitum á Fljótsdalsheiði sumarið 2008 (Nafngiftir: Náttúrufræðistofnun Íslands 2009b og c). Fyrir háplöntur eru í tegundalistanum upplýsingar um hversu algengar tegundir eru á landsvísu. Er það metið út frá því, annars vegar hversu tegund er dreifð um landið þ.e. útbreiðsla hennar og hins vegar hversu mikið er af tegundinni þar sem hún finnst þ.e. þéttleika hennar. Fyrir útbreiðslu tegunda er gefið ■■■ þar sem tegund er algeng hringinn í kringum landið, ■■ tegund finnst nokkuð víða en skarð er í útbreiðslunni eða hana vantar í heilan landshluta og ■ tegund hefur fáa fundastaði, annaðhvort bundin við einn lítinn hluta landsins eða að hún er dreifð um landið en mjög sjaldgæf. Fyrir þéttleika tegunda er gefið □□□ þar sem tegund er mjög algeng, □□ tegund vex allvíða þar sem hún finnst og □ mjög lítið er af tegundinni eða hún vex mjög strjált (Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007).

■■■□□□ Finnst víða og er mjög algeng
■■■□□ Finnst víða og yfirleitt nokkuð algeng þar sem hún er
■■■□ Finnst víða en mjög lítið af tegundinni þar sem hún er eða að hún vex mjög strjált
■■□□□ Finnst nokkuð víða og er yfirleitt mjög algeng þar sem hún er
■■□□ Finnst nokkuð víða og er yfirleitt nokkuð algeng
■■□ Finnst nokkuð víða en mjög lítið af tegundinni þar sem hún er eða að hún vex mjög strjált
■□□□ Fáir fundarstaðir en algeng þar sem hún er
■□□ Fáir fundarstaðir en er yfirleitt nokkuð algeng
■□ Fáir fundarstaðir og mjög lítið af tegundinni þar sem hún er eða að hún vex mjög strjált
SL slæðingu

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Deiliteg.	Algengni á landsvísu
Háplöntur			
Augnfró	*Euphrasia frigida*		■■■□□□
Axhæra	*Luzula spicata*		■■■□□□
Barnarót	*Coeloglossum viride*		■■■□□□
Beitieski	*Equisetum variegatum*		■■■□□□
Bláberjalyng	*Vaccinium uliinosum*		■■■□□□
Blásveifgras	*Poa glauca*		■■■□□□
Blátoppastör	*Carex canescens*		■■■□□□
Blávingull	*Festuca vivipara*		■■■□□□
Blóðberg	*Thymus praecox*		■■■□□□
Blómsef	*Juncus triglumis*		■■■□□□
Boghæra	*Luzula arcuata*		■■■□□□
Brjóstagras	*Thalictrum alpinum*		■■■□□□
Dýragras	*Gentiana nivalis*		■■■□□□
Fjalladepla	*Veronica alpina*		■■■□□□

Viðauki 2 – Tegundir háplantna og ættkvíslir fléttna

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Deiliteg.	Algengni á landsvísu
Fjalladúnurt	*Epilobium anagallidifolium*		■■■□□□
Fjallafoxgras	*Phleum alpinum*		■■■□□□
Fjallanóra	*Minuartia biflora*		■■□□
Fjallapuntur	*Deschampsia alpina*		■■■□□□
Fjallasmári	*Sibbaldia procumbens*		■■■□□□
Fjallastör	*Carex norvegica*		■■■□
Fjallasveifgras	*Poa alpina*		■■■□□□
Flagasef	*Juncus biglumis*		■■■□□□
Geldingahnappur	*Armeria maritima*		■■■□□□
Grámulla	*Omalotheca supina*		■■■□□□
Grasvíðir	*Salix herbacea*		■■■□□□
Grávíðir	*Salix arctica*		■■■□□□
Gullbrá	*Saxifraga hirculus*		■■■□□□
Gullmura	*Potentilla crantzii*		■■■□□□
Hálíngresi	*Agrostis capillaris*		■■■□□□
Hengistör	*Carex rariflora*		■■■□□□
Holtasóley	*Dryas octopetala*		■■■□□□
Hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*		■■■□□□
Hrafnaklukka	*Cardamine pratensis*	*ssp. angustifolia*	■■■□□□
Hrafnastör	*Carex saxatilis*		■■■□□□
Hrossanál	*Juncus arcticus*	*ssp. Intermedius*	■■■□□□
Jakobsfífill	*Erigeron borealis*		■■■□□□
Klóelfting	*Equisetum arvense*		■■■□□□
Klófífa	*Eriophorum angustifolium*		■■■□□□
Kornsúra	*Bistorta vivipara*		■■■□□□
Kræklar	*Sagina spp.*		■■■□□□
Krækilyng	*Empetrum nigrum*		■■■□□□
Lækjafræhyrna	*Cerastium cerastoides*		■■■□□□
Lambagras	*Silene acaulis*		■■■□□□
Lyfjagras	*Pinguicula vulgaris*		■■■□□□
Maríustakkur	*Alchemilla filicaulis*		■■■□□□
Maríuvendlingur	*Comastoma tenellum*		■■□□
Melablóm	*Arabidopsis petraea*		■■■□□□
Melanóra	*Minuartia rubella*		■■■□□□
Móanóra	*Minuartia stricta*		■■□□
Móasef	*Juncus trifidus*		■■■□□□
Móastör	*Carex rupestris*		■■□□□

Viðauki 2 – Tegundir háplantna og ættkvíslir fléttna

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Deiliteg.	Algengni á landsvísu
Mosajafni	*Selanginella selaginoides*		■■■□□□
Mosalyng	*Cassiope hypnoides*		■■■□□□
Músareyra	*Cerastium alpinum*		■■■□□□
